



Yfirlit yfir feril Guðnýjar Rósu

● Sýning á Kjarvalsstöðum á næsta ári

Myndlistarkonan Guðný Rósa Ingimarsdóttir hefur verið valin til þess að halda yfirlitssýningu á verkum sínum á Kjarvalsstöðum næsta haust. Guðný Rósa sýnir þá verk sín í sýningarröð á Kjarvalsstöðum þar sem sjónum er beint að ferli starfandi listamanna sem þegar hafa með fullmótuðum höfundareinkennum sett svip sinn á íslenska listasögu. Guðný Rósa fetar þar í fótspor Sigurðar Árna Sigurðssonar – en sýningin á verkum hans, ÓraVidd stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum, Ólafur Nordal, Haraldar Jónssonar og Önnu Líndal.

Verkin á sýningunni spanna rúmlega 20 ára feril Guðnýjar en hún hefur á ferli sínum leitað í umhverfi sitt og reynsluheim til innblásturs. Hún hefur unnið í fjölbreytta miðla, líkt og hljóð og skúlptúra en pappírverk hafa verið fyrirferðarmikil á ferlinum. Verkin einkennast, eins og segir í tilkynningu frá Listasafni Reykjavíkur, af nákvæmni og finleika en eru viðfangsefnin eru oftast en ekki einlæg og persónuleg.

Guðný er fædd í Reykjavík árið 1969. Hún stundaði nám í Myndlistar- og handíðaskóla Íslands og lauk framhaldsnámi við L'Ensav La Cambre í Brussel og í HISK í Ant-



Morgunblaðið/Einar Falur

Listakonan Guðný Rósa Ingimarsdóttir á einni sýninga sinna í Hverfisgallerí sem hún starfar með.

werpen í Belgíu en hún hefur lengi verið búset og starfað þar í landi. Guðný Rósa hefur sýnt verk sín á einkasýningum hér á Íslandi og víðs vegar um Evrópu. Verk hennar má finna í opinberum söfnum í Frakklandi, Belgíu, Slóveníu og Íslandi.

Sýningarstjóri og ritstjóri sýningaskrárinnar er Ólöf Kristín Sigurðardóttir, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur.